KPMG

Gagnaveita Hornafjarðar

Sölulýsing á eignarhlut sveitarfélags Hornafjarðar í Gagnaveitu Hornafjarðar

Nóvember 2026

Gagnaveita Hornafjarðar

- Gagnaveita Hornafjarðar rekur ljósleiðarakerfi í sveitarfélagi Hornafjarðar og hefur heimild til að selja aðgang að ljósleiðaraneti sínu í samræmi við gildandi gjaldskrá og reglur.
- Sveitarfélag Hornafjarðar fer með 100% hlut í Gagnaveita Hornafjarðar ehf. og hyggst bjóða áhugasömum kaupendum að gera tilboð í allan hlut sinn í félaginu.

Lykiltölur – árið 2025

90 km ljósleiðara (stofn- og dreifikerfi)

203 Lagðar heimtaugar

59 Tengingar í mánaðarlegri áskrift

8,0 m.kr. Seld þjónusta 2025

7,5 m.kr. EBITDA

Ljósleiðarakerfið

- Kerfið nær til Öræfa (lagt 2009, endurbætt 2020), Suðursveitar (2014) og Mýra og Ness (2019-2021). Viðhaldsþörf er lítil utan Öræfa, þar sem kerfið þarfnast uppfærslu.
- Kerfið er opið fjarskiptafélögum á grundvelli samninga. Vodafone þjónustar notendur í Öræfum og Suðursveit á meðan Míla er með tengingu á Hestgerðishnútu.
- Kerfið nær einnig til ljósleiðarakerfis á milli stofnana sveitarfélagsins.

Gjaldskrá	
Liður	
Mánaðargjald heimtaugar	2.500 kr.
Aðstaða í tækjaskáp (hálft/heilt)	18.250 / 36.500 kr.
Flutningur þjónustu á aðra heimtaug	3.500 kr.
Stofngjald tengingar	280.000 kr.
Leiga ljósþráða (1-4 þræðir), á km.	5.576 - 9.757 kr.

Rekstur				
þ.kr.	**2022**	**2023**	**2024**	**2025**
Seld þjónusta	5.868	5.674	5.849	8.036
Vöxtur %		*-3,3%*	*3,1%*	*37,4%*
Rekstrarkostnaður	-1.124	-691	-568	-530
EBITDA	**4.744**	**4.983**	**5.280**	**7.506**
EBITDA %	***80,9%***	***87,8%***	***90,3%***	***93,4%***

Efnahagur				
þ.kr.	**2022**	**2023**	**2024**	**2025**
Ljósleiðarakerfi	56.707	57.101	61.719	100.769
Veltufjármunir	4.243	45	1.945	2.529
Eignir	**60.949**	**57.146**	**63.664**	**103.298**
Eigið fé	**-5.632**	**-4.501**	**-2.883**	**80**
Tekjuskattur	12	213	311	1.094
Skuld við bæjarsjóð	66.569	61.434	66.236	102.124
Skuldir	**66.581**	**61.648**	**66.547**	**103.218**
Eigið fé og skuldir	**60.949**	**57.146**	**63.664**	**103.298**

Rekstur

- Rekstur Gagnaveitu Hornafjarðar hefur gengið vel síðustu ár og var tekjuvöxtur ársins 2025 um 37,4%.
- EBITDA framlegð hefur verið sterk undanfarin fjögur ár og legið á bilinu 80,9%-93,4%.
- Sveitarfélagið annast umsjón, bókhald, innheimtu og stjórnun fyrir félagið gegn föstu gjaldi. Viðhald og framkvæmdir eru unnar af verktökum.

Efnahagur

- Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna félagsins nam 100,8 m.kr. í árslok 2025 en stofnverð um 183,1 m,kr.
- Skuldir félagsins eru að mestu leyti við bæjarsjóð Hornafjarðar, sem fjármagnaði uppbyggingu kerfisins.

Fyrirkomulag söluferlis

Söluferlið fer fram í tveimur fösum:

1. Áhugasamir aðilar eru beðnir um að undirrita skilmálabréf og skila inn tilboðsformi með nauðsynlegum upplýsingum. Eyðublöðin má finna á heimasíðu sveitarfélagsins.
2. Forsvarsmenn sveitarfélagsins munu bjóða þeim aðilum, sem taldir eru hæfastir, til samningsviðræðna þar sem veittar verða frekari upplýsingar.

Tilboðsfrestur er til kl, 16:00 þann 25. nóvember 2026.
Fyrirspurnir sem varða söluferlið skal senda á netfangið ghermannsson@kpmg.is

© 2025 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn

Tengiliðir KPMG



Magnús G. Erlendsson
Partner
Ráðgjafarsvið KPMG
s. 545 6258
merlendsson@kpmg.is



Guðmundur Freyr Hermannsson
Senior manager
Ráðgjafarsvið KPMG
s. 691 6968
ghermannsson@kpmg.is

Fyrirvari

Samantekt þessi er unnin af ráðgjafarsviði KPMG ehf. (“nefnt “KPMG”), fyrir sveitarfélag Hornafjarðar vegna mögulegrar sölu á Gagnaveitu Hornafjarðar ehf. (nefnt “félagið”).

Samantektin er til upplýsingar fyrir hugsanlega kaupendur og er unnið í fullu samráði við forsvarsmenn verkkaupa. KPMG hefur haldið vinnunni einfaldri og því ekki útilokað að bæta megi við gögnum eða öðrum upplýsingum tengdum rekstrinum. Ekki hefur verið framkvæmd sérstök áreiðanleikakönnun í tengslum við samantektina.

Af þeim sökum getur KPMG ekki ábyrgst áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi. Samkvæmt framangreindu er gerður fyrirvari um tilvist mikilvægra upplýsinga um félagið og rekstur þess sem KPMG hefur ekki haft aðgang að. Samantektin er eign KPMG og er móttakanda þess óheimilt að afrita yfirlitið með nokkrum hætti eða senda það til þriðja aðila nema með leyfi KPMG.

Við gerð samantektarinnar var stuðst við upplýsingar frá forsvarsmönnum félagsins.

KPMG í samráði við eiganda félagsins, áskilur sér rétt til að breyta þessari kynningu.

KPMG ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem hlotist getur vegna ákvarðana, athafna eða athafnaleysis sem byggja á samantektinni.

www.kpmg.is

© 2026 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

Document Classification: KPMG Confidential